

Ítarleg lýsing á verkferlum stoðþjónustu

Starfsfólki á vettvangi barns í leikskóla ber samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að vera vakandi gagnvart velferð og farsæld barna. Taki starfsfólk eftir að þörfum barns er ekki mætt með viðeigandi hætti ber að bregðast strax við og koma málum í réttan farveg.

ÞREP 1 – Mat og lausnaleit:

- Deildarstjóri leikskóla skoðar fyrirbyggjandi gögn/upplýsingar um barnið sem til eru á vegum leikskólans, hefur samband við forsjáraðila og metur þarfir og stöðu barnsins.
- Deildarstjóri leikskóla í samstarfi við sérkennslustjóra setur upp áætlun (eða endurskoðar áætlun sé hún fyrir hendi) um hvernig vinna á með mál barnsins í samráði við forsjáraðila. Það er gert með því að leita í viðeigandi úrræði innan skólans og verkfærakistu.

ÞREP 2 – Lausnateymi:

- Ef frekari stuðnings eða ráðgjafar er þörf varðandi málið er leitað til lausnateymis, með samþykki forsjáraðila.
- Lausnateymi yfirfer upplýsingar og ræðir mögulegar lausnir.
- Teymið ákvarðar hvað skal gera og skráir áætlun.
- Áætlun er endurskoðuð eftir þörfum og mat lagt á árangur í samráði við forsjáraðila.

ÞREP 3 – Tilvísun til skólapijónustu:

- Ef úrræði lausnateymis skila ekki árangri er málinu vísað til skólapijónustunnar og eru viðeigandi eyðublöð og upplýsingar/gögn úr ferlinu lútin fylgja með, með samþykki forsjáraðila barnsins. Með því næst samtal við skólapijónustu FSSF og aðra sérfræðinga. Forsjáraðili getur ávallt óskað eftir aðkomu tengiliðs að málefnum barns síns. Tengiliður í leikskólanum er oftast sérkennslustjóri. Tengiliður veitir fjölskyldunni allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuna og ef beiðni um samþættingu hefur verið samþykkt getur tengiliður í samráði við forsjáraðila aflað upplýsinga um barnið hjá öðrum stofnunum s.s. heilsugæslu og leikskóla. Sjá nánar um tengilið og samþætta þjónustu á vef Barna- og fjölskyldustofu.